



## Fundur háskólaráðs 30. nóvember 2000

### Fundargerð

Málsnúmer: HI00020043  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jörunn Valdimarsdóttir  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 24.11.2000 13:43:59  
Dags: 30.11.2000

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbyggingu (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

17/2000

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2000, fimmtudaginn 30. nóvember var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

### 1. Bókuð erindi

- 1.1 Háskólaráð áréttar, sbr. 4. mgr. bráðabirgðaákvæðis reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, að ákvæði 5. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 98/1993, með áorðnum breytingum, um tímamörk í starfi, gilda þar til háskólaráð hefur sett nýjar reglur um framgang, en því verki skal lokið eigi síðar en 1. júlí 2001. Hins vegar gilda ekki ákvæði um tímamörk í reglum um stöðuhækkanir og þrepahækkanir, samkvæmt framgangskerfi háskólamanna frá 2. nóvember 1995, sbr. sama bráðabirgðaákvæði, þar sem þau ákvæði féllu úr gildi með aðlögunarsamkomulagi Háskóla Íslands og Félags háskólakennara frá 30. september 1997, sbr. grein 3.1 í því samkomulagi. Málinu frestað.
- 1.2 Erindi kjaranefndar, dags. 5. október s.l., þar sem óskað er umsagnar háskólaráðs um erindi forstöðumanns MBA námsins um kennslu og stjórnun prófessora viðskipta- og hagfræðideildar í MBA náminu.

Háskólaráð mælir með erindinu, enda er MBA námið endurmenntun á vegum háskóladeildar, sem er utan við hefðbundið námsframboð hennar og uppfyllir skilyrði 14. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000. Samþykkt einróma.

- 1.3 Háskólaráð samþykkir að sett verði á laggirnar samráðsnefnd háskólaráðs og Félags prófessora um kjara- og réttindamál. Hlutverk nefndarinnar er að vera samráðsvettvangur fyrir sameiginleg hagsmunamál prófessora og háskólaráðs. Þá skal nefndin veita háskólaráði og rektor ráðgjöf og umsögn um málefni er snerta prófessora sérstaklega, svo sem kjör þeirra, réttindi og skyldur. Nefndin verði skipuð þremur fulltrúum Félags prófessora og þremur fulltrúum háskólaráðs og skal einn þeirra vera formaður, tilnefndur af rektor. Samþykkt einróma.

### 2. Mál til kynningar og afgreiðslu síðar

- 2.1 Vísindi og menntun í 90 ár.  
Tillögur til háskólaráðs um afmælishátíð Háskóla Íslands á 90 ára afmæli skólans.

### 3. Mál á dagskrá

- 3.1 Fjármál og skipting fjárveitinga, sbr. umræðu á síðasta fundi.  
Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar og gerði grein fyrir eftirfarandi:

1) Uppgjöri á kennslu á fjárlagaárinu 2000, en samkvæmt því á Háskólinn inni 166,6

m.kr. vegna fjölgunar virkra nemenda.

2) Fjárveitingu á árinu 2001 byggða á fjárlagafrumvarpi með aukningu miðað við fjölgun nemenda.

3) Fundi í menntamálaráðuneytinu 29.11.2000 um fjárveitingar.

Þá var lagt fram minnisblað dags. 23.11.2000 frá Herði Filippussyni, dósent. “Athugasemdir við hugmyndir un nýja aðferð við skiptingu fjárveitinga innan H.Í.” Minnisblaðið var rætt og kom fram sú skoðun að nauðsynlegt sé að viðhalda reiknilíkani H.Í. til þess að fylgjast með reiknuðum kostnaði miðað við gefnar forsendur.

Rætt var um kosti og galla þeirra líkana sem til greina hefur komið að nota við skiptinu fjárveitinga. Málið verður aftur á dagskrá næsta fundar ráðsins.

### 3.2 Háskólaútgáfan

Háskólaútgáfan var á dagskrá ráðsins 24. ágúst s.l. Þá voru lagðar fram tillögur um skipulag hennar og stöðu innan Háskólans. Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri kennslusviðs, skýrði framlögð drög að reglum um Háskólaútgáfuna, sem gera ráð fyrir því að hún verði þjónustustofnun og heyri beint undir háskólaráð.

Ingjaldur Hannibalsson greindi frá fjárhagsstöðu stofnunarinnar. Málefni útgáfunnar voru rædd og kom fram að hún er háskólasamfélaginu dýrmæt og að starfsfólk hennar hafi unnið mikilvæg störf í þágu Háskólans.

## 4. Önnur mál

### 4.1 Háskólabíó

Stefán Ólafsson, formaður stjórnar Háskólabíós gerði grein fyrir framlagðri skýrslu um starfsemina 1999 og fór yfir ársreikning.

Skýrslan var rædd og óskað eftir rekstraráætlun fyrir Háskólabíó fyrir árið 2001.

Fleira var ekki gert  
Fundu slitið kl. 16:15